

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 342/2013 um þróun upplýsinga- og fjarskiptatækni til notkunar fyrir skynvædd samgöngukerfi (ITS).

#### 1. gr.

8. gr. skal bera heitið *Innleiðing* og hljóða svo:

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í XIII. viðauka við samninginn, skulu gilda hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðaukanum, 1. bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins.

Með reglugerð þessari eru innleiddar og öðlast gildi hér á landi eftirtaldar gerðir:

- a. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæddra samgöngukerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta, sem vísað er til í XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2011, þann 30. september 2011. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65, 1. desember 2011, bls. 13.
- b. Reglugerð (ESB) nr. 305 frá 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar samræmda veitingu rekstrarsamhæfðs neyðarnúmers fyrir ökumenn á vegum (e. eCall) innan alls Evrópusambandsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132 frá 2012, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 25. september 2014, bls. 506.
- c. Reglugerð (ESB) nr. 885 frá 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar veitingu upplýsingaþjónustu um örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki innan alls Evrópusambandsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50 frá 2014 birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 10. apríl 2014, bls. 1046.
- d. Reglugerð (ESB) nr. 886 frá 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar gögn og málsmeðferðarreglur svo veita megi, þar sem því verður við komið, almennar lágmarksupplýsingar sem tengjast umferðaröryggi án endurgjalds fyrir notendur, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50 frá 2014 birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 10. apríl 2014, bls. 467.
- e. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 962 frá 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317 frá 2015 birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27 frá 12. maí 2016, bls. 368.

#### 2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði, 9. gr., sem skal bera heitið *Gildistaka* og hljóða svo:

Reglugerðin er sett samkvæmt 45. gr. vegalaga nr. 80/2007, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

3. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 45. gr. vegalaga nr. 80/2007, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 24. apríl 2017.*

F. h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,

**Sigurbergur Björnsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2017